Eins með listina og ástina

Augnasinfóníu, yfirlitssýningu frá sextíu ára ferli Braga Ásgeirssonar myndverkasmiðs, lýkur senn á Kjarvalsstöðum. Bragi er ánægður með sýninguna og viðtökurnar en fórnar höndum þegar ástandið í samfélaginu ber á góma. Segir Íslendinga seint ætla að læra af reynslunni.

Eftir Orra Pál Ormarsson
orri@mbl.is



Morgunblaðið/RAX

Ötull „Myndlistin er svolítið sér á báti. Fyrir utan fáeina snillinga eru myndlistarmenn yfirleitt seinþroska, eru ekki upp á sitt besta fyrr en á miðjum aldri," segir Bragi Ásgeirsson.

Húsráðandi er titlaður myndverkasmiður á útidyrakarminum. „Ég bjó þetta orð til sjálfur," segir Bragi Ásgeirsson inntur eftir þessu óvenjulega starfsheiti. Það kemur ekki á óvart. Þessi nestor í íslenskri myndlist er hvergi banginn að fara ótroðnar slóðir enda alla tíð verið sannfærður um að listin sé ekki reglustika. „Það á aldrei að taka neinu sem sjálfsögðum hlut. Maður á alltaf að efast," fullyrðir hann.

Við höldum til stofu og ég upplýsi Braga um að ég sé kominn til að taka á honum púlsinn.

„Hvernig þá?"

Til að rabba um lífið, listina og ástandið í þjóðfélaginu.

Bragi baðar út öllum öngum. „Allt nema ástandið í þjóðfélaginu. Ég hef aldrei kynnst öðru eins og gerði satt best að segja ekki ráð fyrir því að upplifa svona tíma. Ég hef í þrígang séð íslensku þjóðina verða ríka en alltaf tekst henni að henda peningunum út um gluggann. Annars er kreppan það besta sem komið hefur fyrir Íslendinga í háa herrans tíð. Nú fáum við að finna fyrir því hvernig það er að vera manneskja og vinna sig upp án þess að fá allt á silfurbakka. Lífið er ekkert bíó!"

Bragi gerir hlé á máli sínu. Hugsi. Síðan heldur hann áfram. „Vilji menn berjast fyrir friði mega þeir það mín vegna en hvað myndi gerast í mannheimum væri alltaf friður? Hvað myndi gerast í náttúrunni kæmu aldrei óveður og jarðskjálftar?"

Skortur á fortíðarforvitni

Skýringin á því að við lærum aldrei af reynslunni er að dómi Braga sú að unga fólkið á hverjum tíma er ekki nægilega forvitið um fortíðina. Af henni læri menn. „Lítum bara á bókmenntir og listir. Margt ungt fólk á Íslandi hefur aldrei heyrt Georg Brandes nefndan á nafn. Heldur ekki Septemberhópinn. Samt ollu þessir aðilar straumhvörfum á sínum tíma. Hvor með sínum hætti. En þetta er ekki unga fólkinu sjálfu að kenna, heldur skólakerfinu. Í dag vita menn allt um poppstjörnur samtímans þegar þeir ljúka stúdentsprófi en öllu minna um listamenn og djúpvitra menn sem hafa umbylt þjóðfélaginu. Þjóð sem ekki þekkir sögu sína á sér varla viðreinsar von."

Að sögn Braga er það ekkert nýtt að unga fólkið sé að finna upp heita vatnið. „Unga fólkið ætlaði að drepa mig þegar ég fór að tala um þetta í gamla daga. Nú er þetta sama fólk mér algjörlega sammála. Það er eins og fólk gleymi því stundum að það eigi eftir að eldast."

Fyrr á árum voru íslenskir listnemar þekktir fyrir áhugasemi, að sögn Braga. Þegar hann var við nám í Þýskalandi árið 1956 var listnemum boðið á frábærum kjörum til Hamborgar að skoða risastóra yfirlitssýningu á verkum Picassos. Bragi og tveir aðrir Íslendingar voru fljótir að skrá sig í ferðina enda bjuggust þeir við að færri kæmust að en vildu. Þegar upp var staðið fóru þeir þrír. „Þetta var ótrúleg upplifun. Ég hef ekki séð betri sýningu á Picasso síðan og hef ég séð þær nokkrar um dagana. Núna er unga fólkið of gáfað til að fara á svona sýningar. Íslendingar hafa víst tekið svo miklum framförum á öllum sviðum að þeir þurfa ekki á því að halda."

Í HNOTSKURN

» Augnasinfóníu, sýningu Braga Ásgeirssonar á Kjarvalsstöðum, lýkur 4. janúar næstkomandi.

» Í dag, sunnudag, kl. 15 verða Bragi og Sigurlaug Ragnarsdóttir listfræðingur, sem vann náið með honum að undirbúningi og uppsetningu sýningarinnar, með leiðsögn og spjall á Kjarvalsstöðum.

» Bragi mun einnig árita bókina Augnasinfóníu sem gefin var út í tilefni sýningarinnar.

Hávaðasamir listasirkusar

Við berum aftur niður í samtímanum og Bragi segir útrás ekkert sérislenskt fyrirbæri. Listirnar hafi sannarlega ekki farið varhluta af henni. „Fyrir um áratug fóru danskir listamenn í útrás og ætluðu að verða heimsfrægir. Opnuðu gallerí með pomp og prakt í New York með stuðningi ríkis, auðmanna og banka. Þetta kostaði morð fjár. Eins og á Íslandi var það lítill hópur sem réð ferðinni. Í fyrra átti þetta ágæta gallerí tíu ára afmæli og haldið var upp á það með því að leggja það niður. Hundruð milljóna danskra króna höfðu farið í súginn."

Hann segir fátt benda til þess að Íslendingar líti á þetta sem víti til varnaðar. „Sagt er að Feneyjatvíæringurinn hafi kostað okkur fimmtíu milljónir króna síðast en sú listahátíð og Documenta-hátíðin í Kassel hafa smám saman breyst í nokkurs konar listasirkusa sem reyna að yfirgnæfa hver annan með hávaða og látum. Í hvaða tilgangi skyldi það vera? Að laða að nýja skoðendur, eins og þeir segja. Það er þá bara fólk sem hefur engan áhuga á listum og kemur bara til að sjá „sjóið". Alvöru listamenn eru margir hverjir löngu hættir að heimsækja svona sýningar."

Að áliti Braga á upphafning æskunnar síður við í myndlist. „Myndlistin er svolítið sér á báti. Fyrir utan fáeina snillinga eru myndlistarmenn yfirleitt seinþroska, eru ekki upp á sitt besta fyrr en á miðjum aldri. Myndlistin er þroskandi fyrirbæri, alveg eins og skynfærið sem býr að baki henni, augun. Heyrnin, útvörður allrar skynjunar, er fullkomin við fæðingu en það tekur sjónina níu ár að þroskast. Með sama hætti þarf myndlistarmaðurinn tíma."

Læra ekkert nema að fá hugmyndir

Bragi segir áhyggjuefni að í dag þurfi myndlistarnemar ekki að læra neitt nema að fá hugmyndir. „Ég hitti nýlega unga dömu á einu gallería borgarinnar og við fórum að spjalla saman um Listaháskólann en hún var áður skúlptúrkennari við MHÍ. Hún tjáði mér að sér hefði verið boðin kennsla í mótun í eina viku en það fengust víst engir myndhöggvarar til að taka þetta að sér. Það kemur ekki á óvart en þegar ég var að kenna við Myndlista- og handíðaskólann, forvera Listaháskólans, fengu menn mánuð til að kenna þetta og þótti of lítið. Það tekur mörg ár að nema mótun ef vel á að vera. Það er dapurleg þróun að menn skuli vera farnir að kenna fávísi og gefa einkunnir fyrir það."

Annars tekur Bragi skýrt fram að menn læri ekki allt af bókum né fyrirlestrum, allra síst listir enda snúist þær á endanum fyrst og síðast um tilfinningu. „Það er eins með listina og ástina. Menn læra hana ekki í skóla."

Augnasinfónía, sýning sem spannar sextíu ár í lífi Braga Ásgeirssonar, hefur staðið yfir á Kjarvalsstöðum síðan í september. Hefur hún fallið í frjóa jörð og listamaðurinn kveðst ánægður með viðtökurnar. „Á sunnudaginn var hitti ég þekktan borgara sem var að koma í fjórða skipti á sýninguna og ég hef rekist á marga sem hafa komið tvisvar og þrisvar. Það er skemmtilegast þegar fólk kemur aftur á sýningar. Það þýðir að myndlistin skiptir það máli."

Bragi hefði að ósekju viljað sjá fleiri listamenn af yngri kynslóðinni á sýningunni. Fjarvera þeirra kemur honum þó ekki í opna skjöldu. „Hér á landi er ákveðinn hópur listamanna sem veit allt án þess að hafa komið á staðinn. Þessi hópur fer sjaldan á aðrar sýningar en sínar eigin og sinnar kynslóðar. Þetta fólk gengur undir nafninu „sjálfsánægða kynslóðin" í blöðum erlendis," segir hann og glottir.

Bara einn með sjálfum sér

Sýningunni átti að ljúka um miðjan síðasta mánuð en var framlengt. „Ég hafði engan áhuga á því að framlengja sýningunni en var beðinn um það þar sem engir peningar eru til á íslenskum söfnum lengur. Það er dapurlegt að koma á söfn í dag. Ráðamenn mæta að vísu á opnanir til að fiska atkvæði en þegar maður kemur daginn eftir er maður stundum bara einn með sjálfum sér."

Sextíu ár eru langur tími í listsköpun en engan bilbug er á Braga að finna. „Hér áður þurfti ég alltaf við sinna tveimur til þremur störfum til að komast á vinnustofuna. Um tíma skrifaði ég meira í Morgunblaðið en þrír gagnrýnendur til samans í Politiken. Samt fékk ég minna kaup en hver þeirra," segir hann sposkur. „Ég kenndi lengi og var húsmóðir í tólf ár. Sá um heimilið og krakkana mína fjóra. Samt reyndi ég alltaf að fara á vinnustofuna á hverjum degi. Þar er ég alltaf eins og nýr maður."

Hann reynir enn að fara daglega á vinnustofuna. „Undanfarið ár hef ég ekki verið heill heilsu en hún er að koma aftur og ég vona að ég verði 100% bráðum. Þá fer ég vísat aftur á hverjum degi á vinnustofuna og í sundlaugarnar. Ég syndi ekki en fer í heita og ískalda sturtu, loft- og gufubað og horfi á kvenfólkið. Það er mjög heilsusamlegt!" segir listamaðurinn og breitt bros færist yfir andlitið.

Ragnar Axelsson ljósmyndari hefur slegist í hópinn þegar hér er komið sögu og Bragi trúir okkur fyrir því að á námsárunum ytra hafi hann teiknað og málað naktar konur á hverjum degi í þrjú ár. Við Raxi horfum hvor á annan. Skyldum við hafa farið í rétt nám?

Myndlistin alveg botnlaus

Bragi líkir myndlistinni við fíkn. Nái menn einum áfanga komi tíu nýir möguleikar í ljós til viðbótar. „Myndlistin er alveg botnlaus. Sérstaklega litógrafían. Margir fagmenn í henni hafa orðið listamenn með tímanum. Því miður höfum við Íslendingar ekki efni á því að sjá um og reka grafíkverkstæði. Við eigum græjurnar en það vantar fagmann til að reka verkstæðið. Slíkur maður myndi gjörbreyta stöðunni. En það er gömul saga og ný að Íslendingar vilji frekar henda peningum en nota þá að gagni."

Sem kunnugt er skrifaði Bragi myndlistargagnrýni í Morgunblaðið um áratuga skeið. Hann fylgist enn grannt með á þeim vettvangi og segir gagnrýnina oft og tíðum mega vera beittari. „Gagnrýni er undirstaða allra framfara. Hún er í eðli sínu bjartsýni. Sá sem þorir að gagnrýna er bjartsýnn en ekki sá sem lítur undan. Sért þú með hor í nefinu vil ég þér vel ef ég bendi þér á það," segir Bragi sannfærandi og hlær.

Ég strýk mér svo lítið ber á um nefið. Til öryggis.

„Ég er aldrei sáttur. Ég vil alltaf verða betri á morgun," svarar Bragi þegar ég spyr hann að lokum hvort hann sé sáttur við líf sitt og list. „En mér finnst afskaplega hressandi að vakna á morgnana og hlakka alltaf til að búa til hafragrautinn minn. Ég er snillingur í að búa til hafragraut. Ég hlakka líka til að takast á við vandamál dagsins. Ég nýt hvers dags. Ég hef orðið að takast á við mikla erfiðleika í lífinu og það hefur kennt mér margt. Það gefur manni mikið að sigrast á erfiðleikum sínum. Í upphafi var ég talinn vonlaus í listinni en á endanum tókst mér að afsanna það – eða það vona ég!"